



Afreksmannasjóður HSB

Reglugerð sjóðsins:

1. grein

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður HSB og er stofnaður á ársþingi HSB 10. apríl 1994.*

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan HSB sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni.

3. grein

Eingöngu félagar innan aðildarféлага HSB geta sótt um styrki úr sjóðnum.

4. grein

Stjórn sjóðsins annast alla úthlutun úr sjóðnum. Hún er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru á ársþingi HSB til þriggja ára, sitt árið hver. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þá skal á hverju ársþingi HSB kjósa einn varamann sem stjórninni er heimilt að kalla til ef fjallað er um mál sem tengjast einhverjum stjórnarmönnum persónulega. Skal þá sá stjórnarmaður víkja fundi.

5. grein

Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri HSB.

6. grein

Tekjur sjóðsins eru:*

- a) 2,5% af óskiptum lottótekjum HSB.
- b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
- c) Vaxtatekjur.

7. grein

Um styrkveitingar:

- 1) Veita má styrk úr sjóðnum án umsóknar vegna mjög góðrar frammistöðu í eftirtöldum alþjóðamótum:
 - a) Heimsmeistaramótum
 - b) Evrópumeistaramótum
 - c) Norðurlandameistaramótum
 - d) Ólympíuleikum
- 2) Heimilt er að veita styrk úr sjóðnum ef viðkomandi hefur verið valinn í landslið.
- 3) Ennfremur er heimilt að veita styrk til þeirra sem standa framarlega í sinni grein miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til).
- 4) Einnig getur sjóðsstjórn veitt styrki til einstaklinga eða hópa þó ekki liggi fyrir skrifleg umsókn viðkomandi, telji hún það samrýmast reglum sjóðsins.

8. grein

Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

9. grein

Til að hljóta styrk geta íþróttamenn aðrir en um getur í 7. grein sótt skriflega um til sjóðsstjórnar. Í umsókn skal gera grein fyrir ástæðum hennar og þurfa umsóknir að vera undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Umsóknir og úthlutanir úr sjóðnum geta farið fram á hvaða árstíma sem er.*

*Breytingar samþykktar á Ársþingi HSB haldið í Stórutjarnaskóla 12. mars 2017